## SKÝRINGAR:




SNIÐ C-C M.1:5

### JARÐVEGSSKIFTI UNDIR SÖKKLUM:

Sé jarðvegur talinn of laus til að steypa megi á honum sökklana, skal grafa allt slíkt efni burt niður á fastara jarðlag.
Uppgröftur skal að minnsta kosti ná jafnlangt út fyrir sökkla og dýpt uppgraftar undir sökklum er.
Fylla skal síðan í grunninn með viðurkenndu fyllingarefni, hrauni, sjávarmöl eða leir- og moldarfrírri grús og skal þjappa fyllinguna í lögum með vibrationsþjöppu. Skal þjöppunin ná a.m.k. sömu gæðum og fæst með 5 umferðum 1to. vibrationsvaltara þegar grús er fyllt í 60cm lögum. Þegar grús er notuð í fyllinguna skal væta hana rækilega jafnhliða þjöppuninni.
Hafa skal samráð við byggingarfulltrúa og teiknistofu s. 84599 varðandi fyllingarefni sem notað er og tiltæk tæki til þjöppunar.




### BREIDD SÖKKLA:

Sökklar steyptir á klöpp eða móhellu, B=20cm
Sökklar steyptir á þjappað sand- eða malarlag, B=25cm.

### UPPGRÖFTUR:

Fjarlægja skal allan lífrænan jarðveg úr grunninum svo sem mold og mó,
Grafa skal fyrir sökklum niður á nægilega traustan jarðveg.
Byggingarfulltrúi staðarins taki út grunnstæði hússins.

### ÁLAG Á SÖKKLA:

Álag á sökkla undir einingahúsum, án kjallara er 1,7 t/m eða 8,5 t/m² við 0,2m breiða sökkla og 6,8 t/m² við 0,25m breiða sökkla.

### UPPSLÁTTUR SÖKKLA:

Uppsláttur sökkla sé rækilega afstífaður og skal vera nákvæmlega í réttri hæð, og réttri línu. Sérstaklega þarf að vanda uppslátt sökkla.

### DÝPT SÖKKLA:

Neðri brún sökkla sé a.m.k. 120cm fyrir neðan jarðvegsyfirborð, nema klöpp sé ofar, þá er lágmarkshæð sökkla 40cm.

### JÁRNALÖGN SÖKKLA:

Járn Ks 40 merkt K. Setja skal 2 K12 efst og neðst sbr. þversnið. Járnin séu heil um horn eða víxllögð um minnst 60cm.

### STEYPA SÖKKLA:

Öll steypa S 200 með sigmáli 9cm og lofti 4%

### EINANGRUN SÖKKLA:

Sökkla skal einangra með 2" fraudplasti, sem líma skal á sökkulveggi. Einangrunin skal ná a.m.k. 50cm niður á sökkulveggina og undir alla gólfplötuna.

### FYLLING Í SÖKKLA:

Eftir að sökklar hafa verið steyptir, skal fylla upp undir gólfplötu með viðurkenndu fyllingarefni, sem þjappa skal í 30cm lögum. Sérstaka áherslu skal leggja á að þjappa plötumiðjur svo engin hætta sé á að fyllingin sígi undir plötunni. Sé hraun notað skal holufylla yfirborðið með sandi.
Ekki skal grafa fyrir frárennslislögnum fyrr en fyllingin hefur verið þjöppuð.

### ÚRTÖK FYRIR LAGNIR:

Sjá lagnateikningar.

HAFNARFJARÐARBÆR BYGGINGAFULLTRÚINN 16. ág. 1983

MAÍ '83

| | | |
|---|---|---|
| RVÍK 1 JÚLÍ '82 | HÚSASMIÐJAN HF SÚÐAVOGI 3-5, RVÍK. SÍMI 84599 FIFUHVAMMI KÓPAV. SÍMI 43521 | GERÐ NR. |
| REIKN. TEIKN. SS SGS YFIRF. | SÆVANGUR 31 HAFNARFIRÐI | VERK NR. S 724 |
| MÆLIKV. 1:5 | SKÝRINGAR VIÐ SÖKKLA-STEINHÚSA | TEIKN NR. 10 |